

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013,
með síðari breytingum (varúðarregla, almannaréttur,
sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.).

Frá Róberti Marshall, Svandísi Svavarsdóttur,
Ástu Guðrúnu Helgadóttur og Helga Hjörvar.

Við 14. gr.

a. B-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. er við akstur vegna starfa við landbúnað heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka utan vega, utan miðhálandisins, á landi sem sérstaklega er nýtt til landbúnaðar ef ekki hljótast af því náttúruspjöll. Við eftirleitir er bændum heimilt að sækja sauðfé inn á miðhálandið á léttum vélknúnum ökutækjum, svo sem fjórhjólum, enda verði þeim gripum ekki náð með öðru móti og ekki talin hætta á náttúruspjöllum.

b. Á eftir b-lið komi tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

c. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna björgunarstarfa, lögreglustarfa, slökkvistarfa og sjúkraflutningastarfa.

Umhverfisstofnun getur með sérstöku leyfi veitt öðrum aðilum heimild, tíma- bundna eða ótímabundna, til aksturs utan vega, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu undanþágna samkvæmt þessari málsgrein.

d. 3. og 4. mgr. falla brott.